

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 218 13. mars 2006.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er taki þegar gildi:

Breytingar eru gerðar á eftirfarandi liðum 5. gr.:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skulu greiða fyrir hemlagjald. Lámærksstilling er 3,0 l/mínútu. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði er kr. 1.557.

B. Eldri samningar:

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn verður gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 1.168 á mánuði.

C. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skulu greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 65,21.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 11. febrúar 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.